

Stjórnarfundur SKL

Haldinn á Hótel Holti, kl. 09:00, 03.05.2010

Mætt voru Ragnar Bragason, Silja Hauksdóttir, Friðrik Þór Friðriksson, Hilmar Oddsson, Óskar Jónasson og Ásgrímur Sverrisson.

1. Stjórnin fór yfir skoðunarferð sína í Gamla bíó síðastliðinn föstudagsmorgun og ræddi möguleika á rekstri á cinemateki, þar eða annarsstaðar. Bókabúð, vídeótek, arthouse bíó, íslenskar myndir, heimildarmyndir o.s.frv. Fyrir bæði yngri kynslóðina, menntaskólaaldurinn og eldra fólk.
2. Ásgrímur útlistaði kannanir sínar á rekstrargrundvelli svona apparats. Eignarhaldsfélag Regnbogans fer fram á 1.700.000 kr í leigu, en það væri ofviða svona rekstri.
3. Stóri munurinn á Regnboganum og Gamla bíó er fjöldi salanna. Hugsanlega er möguleiki að dýpka kjallarann á Gamla bíó og gera lítinn sal þar.
4. Bílastæði eru vandamál á báðum stöðunum.
5. Ragnar telur að Regnboginn sé vænlegri kostur, þar eð óvíst er hvenær Gamla bíó losnar og að framkvæmdir séu tímafrekar og dýrar. Aftur á móti er Regnboginn tilbúinn til kvikmyndasýninga nú þegar. Hins vegar gæti Gamla bíó verið möguleiki í framtíðinni.
6. Grasrótahreyfing sem vill fá svona bíó í Regnbogann hefur haldið úti Facebook síðu, þar sem eru 2600 aðdáendur; það er áreiðanlega mikill áhugi fyrir svona starfsemi.
7. Friðrik telur að annaðhvort ÍKSA sé hentugasta félagið til að ganga í að koma svona máli á reksþöl, eða að stofna félag utan um þennan rekstur. Þeir sem kæmu að svona félagi ættu að vera fagfélögin, bíóin, Kvikmyndasafnið, Kvikmyndaskólinn, Listaháskólinn, Háskólinn o.s.frv.
8. Stungið upp á því að haldinn verði formannafundur fagfélaganna, ásamt formanni grasrótahreyfingarinnar. Ragnar ætlar að ganga í það mál.

Ritari var Óskar Jónasson.